Alþingi
Erindi nr. þ 121 / 1127
komudagur 19 / 3 1997

Samtök psoriasis og exemsjúklinga
Bolholt 6, ☎ 588 9666, 105 Reykjavík, Fax 588 9622

Reykjavík 13. mars 1997

Heilbrigðis- og trygginganefnd
b.t. Hafdísar Ólafsdóttur, nefndarritara
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Fyrir hönd stjórnar Samtaka psoriasis- og exemsjúklinga, SPOEX, þakka ég bréf ykkar frá 26. febrúar s.l. og beiðni um álit okkar á frumvarpi til laga um réttindi sjúklinga sem lagt var fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.

Við fögnum framkomu þessa frumvarps og leggjum áherslu á nauðsyn þess að öllum heilbrigðisstarfsmönnum verði gert að skyldu að kynna sér lögin og fara eftir þeim. Ella nýtist ekki sú góða vinna sem innt hefur verið af hendi vegna þessa. Athugasemdir okkar við einstakar greinar frumvarpsins eru þessar:

Í 2. málsgrein, 14. gr. IV. kafla um gjaldtöku fyrir afrit af sjúkraskrám leggjum við til að slíkt gjald verði ekki hærra en sem svarar raunkostnaði við afritunina.

Í 3. málsgrein sömu greinar þykir okkur einkennilegt ákvæði um það að „Upplýsingar í sjúkraskrá sem hafðar eru eftir öðrum en sjúklingi sjálfum eða heilbrigðisstarfsmönnum skal ekki sýna honum nema með samþykki þess sem upplýsingarnar gaf." Álítum við að slíkar upplýsingar ætti alls ekki að skrá.

Aðrar athugasemdir höfum við ekki, en lýsum sérstakri ánægju okkar með eftirtalin atriði:

4. gr. I. kafla um aðgang að upplýsingum um réttindi sjúklinga.
11. gr. II. kafla um þátttöku í þjálfun og kennslu nemenda.
17. og 18. gr. V. kafla um virðingu fyrir mannhelgi sjúklings og bið eftir meðferð.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka psoriasis- og exemsjúklinga

MARGRÉT INGÓLFSD.

Margret Ingólfsdóttir
formaður stjórnar